

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 7. mars 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.**

Samtök atvinnulífsins (samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Samtökin fagna frumvarpinu og telja að það geti orðið til þess að auka á sveigjanleika og svigrúm í skólastarfi bæði hvað varðar starfsþróun einstaklinga og þróun á fagstarfi í menntakerfinu. Með breyttu fyrirkomulagi telja samtökin að starfsumhverfi kennara verði eftirsóknarverðara og að þessi breyting geti orðið til þess að fleiri leggi námið fyrir sig og eins að dregið geti úr því að menntaðir kennarar hverfi frá kennslu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

  
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir